

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf  
Sjávargötu 6-12  
260 Njarðvík

Reykjavík, 29. júní 2020  
UST202001-189/S.M.  
08.14.02

### Óvenjubundið eftirlit með niðurrifi togarans Orlik


Þann 28. maí sl. fór fram óvenjubundið eftirlit með niðurrifi togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### Eitt frávik kom fram er varðar:

1. 23. gr. undanþágu. Eftir að framkvæmd lýkur skal tryggja að allur úrgangur og búnaður er varðar framkvæmdina verði fjarlægður af svæðinu. Hluti af stefni skipsins hefur verið urðað á staðnum og telst það frávik frá undanþágunni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22. júlí 2020.

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir



Gottskálf Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

# EFTIRLITSSKÝRSLA



## Skipasmíðastöð Njarðvíkur - niðurrif Orlik Skipasmíðastöð Njarðvíkur

Dags eftirlits	28.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Skipasmíðastöð Njarðvíkur - niðurrif Orlik	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Sjávargötu 6	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala		Flokkur	Framkvæmdir
Fulltrúi fyrirtækis	Þráinn Jónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigmar Eðvardsson	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í óvenjubundið eftirlit vegna ábendinga sem bárust Umhverfisstofnun 26. og 27. maí sl. um að hluti af stefni skipsins Orlik hefði verið grafið á staðnum og að jarðvegur sem mögulega væri olíumengaður og kom upp þegar grafið var fyrir rennuni sem skipið stendur í hafi verið keyrður að skipinu til að fylla að því og í rennuna. Eitt frávik var staðfest í eftirlitinu og einni ábendingu var komið á framfæri er varðar frágang á mögulega olíumenguðum jarðvegi.

Frávikið sem staðfest var í eftirlitinu varðar frágang á úrgangi þar sem staðfest var að hluti af stefni skipsins hefði verið urðað á staðnum. Slíkt er frávik frá 23. gr. undanþágu Skipasmíðastöðvarinnar frá 31. október sl. sem og frávik frá lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili skal fjarlægja þennan hluta af stefni skipsins sem urðaður var á staðnum og koma í viðeigandi farveg í samræmi við ákvæði undanþágunnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Niðurrif skipsins Orlik hefur staðið yfir í Njarðvíkurhöfn frá því sl. haust og er verið í umsjón Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur sem er handhafi undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Þann 26. og 27. maí sl. bárust Umhverfisstofnun ábendingar um að hluti af stefni skipsins Orlik hefði verið grafið á staðnum og að jarðvegur sem mögulega væri olíumengaður og kom upp þegar grafið var fyrir rennuni sem skipið stendur í sé nú keyrður aftur að skipinu til að fylla að því og í rennuna.

Rekstraraðili staðfesti í tölvupósti að bútur aftan við stefnistank hefði verið skilinn eftir vegna þess að búturinn var fullur af steypu og mjög þungur, um 45-50 tonn. Vegna þyngdar bútsins og að eingöngu væri um að ræða steypu og stál að ræða töldu verktaki og hafnarstjóri að aðgerðir við að fjarlægja bútin væru of kostnaðarsamar og hann því skilinn eftir.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var jarðvegurinn nýttur til að skorða skipið á stórstreymi þegar það flaut hærra upp en gert hafði verið ráð fyrir og þar með komið í veg fyrir að það færi á hliðina. Um var að ræða 35-40 rúmmetra og stendur til að moka efninu aftur upp þegar lokið hefur verið við að klippa skipið á því svæði sem jarðvegurinn var settur niður.

Vegna ábendinganna fóru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar í óvenjubundið eftirlit á niðurrifssvæðið í Njarðvíkurhöfn. Verið var að vinna við að klippa skipið niður og stór segull notaður til að ná efninu upp í gáma. Niðurrifið er mjög langt komið. Staðfest var í eftirlitinu að umræddur bútur af stefni skipsins hefði verið grafin á staðnum og telst það vera frávik frá 23. gr. undanþágu fyrir niðurrif skipsins Orlik sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti Skipasmíðastöð Njarðvíkur vegna verksins þann 31. október sl. Í 23. gr. undanþágunnar segir að þegar framkvæmd lýkur skal tryggja að allur úrgangur og búnaður er varðar framkvæmdina verði fjarlægður af svæðinu. Urðun hluta af skipinu á staðnum er frávik frá undanþágunni. Urðun úrgangs er einnig starfsleyfisskyld starfsemi sbr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og urðun brotajárns er óheimil sbr. e-lið 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili skal því fjarlægja þennan hluta af stefni skipsins sem urðaður var á staðnum og koma í viðeigandi farveg í samræmi við ákvæði undanþágunnar.


Umhverfisstofnun lítur svo á að jarðvegurinn sem kom upp við gerð rennunnar sem skipið stendur í og er mögulega olíumengaður tengist ekki skipinu með beinum hætti, þ.e. sé hann olíumengaður er ólíklegt að þá mengun megi rekja til niðurrifs skipsins enda var jarðvegurinn grafinn upp áður en skipið var dregið á staðinn til niðurrifs. Sé um olíumengaðan jarðveg að ræða þarf að koma honum í hefðbundinn farveg fyrir slíkan jarðveg, sbr. leiðbeiningar um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs á heimasíðu Umhverfisstofnunar og í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Reykjaneshöfn.

**Frávik frá**

23. gr. undanþágu

**Lýsing á fráviki**

Eftir að framkvæmd lýkur skal tryggja að allur úrgangur og búnaður er varðar framkvæmdina verði fjarlægður af svæðinu. Hluti af stefni skipsins hefur verið urðað á staðnum og telst það frávik frá undanþágunni.



## ÁBENDINGAR

Olíumengaður jarðvegur sem kom upp við gerð rennu sem skipið Orlik stendur í þarf að fara í hefðbundin farveg fyrir slíkan jarðveg í samráði við heilbrigðiseftirlit og Reykjaneshöfn.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2020



Sigríður Magnúsdóttir